



Reykjavík 7. október 2019

VEL2018080008

RÁ/kg

Tillaga

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Áfangaheimili í Víðinesi

Lagt er til að borgarráð heimili velferðarsviði að auglýsa eftir samstarfsaðilum um rekstur áfangaheimilis í Víðinesi á Kjalarnesi. Samstarf verði við innkaupaskrifstofu um framkvæmd. Um er að ræða húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar þar sem er möguleiki á að bjóða upp á aðstöðu fyrir allt að 30 einstaklinga. Kostnaður vegna innri leigu er 63 m.kr. á ári og gert er ráð fyrir 25 m.kr. í endurbætur á húsnæðinu. Framlag Reykjavíkurborgar verði m.a. í formi niðurgreiðslu á leigu.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs þann 5. júní 2019 var stefna í málefnum einstaklinga með miklar og flóknar þjónustufarfir samþykkt og vísað til borgarráðs. Í stefnunni kemur fram að mikilvægur þáttur í að draga úr líkum á heimilisleysi felist í að tryggja framboð á fjölbreyttu húsnæði á viðráðanlegu leiguverði auk þess að styðja einstaklinga sem eiga í virkum fíkniefnavanda til að halda heimili. Einnig er talið mikilvægt að styðja þá sem eru að koma úr vímuefnaeðferð. Í ágúst 2019 voru 83 einstaklingar með vímuefnavanda á biðlista eftir áfangaheimili eða sjálfstæðri búsetu með stuðningi. Reykjavíkurborg rekur í dag eitt áfangaheimili þar sem tíu einstaklingar geta búið hverju sinni. Auk þess hefur verið gerður samningur við Samhjálp um rekstur áfangaheimilis að Miklubraut 18 fyrir átta einstaklinga og samingur við SÁÁ um rekstur áfangaheimilis að Vin fyrir 20 einstaklinga.

Við undirbúning stefnu um málefni einstaklinga með miklar og flóknar þjónustufarfir var starfshópi á vegum velferðarsviðs m.a. falið að leggja fram tillögur um nýtingu á húsnæði í Víðinesi sem er í eigu eignarsjóðs Reykjavíkurborgar. Niðurstaða starfshópsins var að það sé vænlegur kostur að bjóða út rekstur í Víðinesi til þriðja aðila. Hægt sé að sjá fyrir sér blandaða starfsemi í formi áfangaheimilis með möguleika á

langtímabúsetu, virkniúrræðum, endurhæfingu og sérfræðiþjónustu fyrir einstaklinga sem hafa átt við áfengis- og vímuefnavanda að stríða og/eða hafa búið við langvarandi heimilisleysi. Húsnæðið er tilbúið til búsetu fyrir allt að 30 einstaklinga með möguleika á aukningu um 6- 9 rými til viðbótar. Kostir við Víðines eru að húsnæðið og staðsetning bjóða uppá marga möguleika, stórt landsvæði með byggingum sem hægt er að nýta bæði til búsetu, virkniþjálfunar og annarrar uppbyggingar.

Með því að koma á fót áfangahúsnæði í Víðinesi með möguleika á langtímabúsetu þar sem áhersla er á virkni og endurhæfingu, verður hægt að koma til móts við þarfir margra þeirra einstaklinga sem eru á bið eftir áfangaheimili. Talið er mikilvægt að fá aðkomu aðila sem hafa reynslu og þekkingu af rekstri heimila og úrræða fyrir heimilislausu með flóknar þjónustuparfir og eru tilbúnir til að leggja áherslu á nýbreytni út frá þörfum þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda.

Kostnaður vegna innri leigu velferðarsviðs á húsnæðinu er 63 m.kr. á ári. Lagt er upp með að húsaleiga fyrir hvern einstakling verði um 70 þús. kr. á mánuði og áætlaðar leigutekjur því um 25 m.kr. miðað við fulla nýtingu á ári. Þær tekjur verða meðal annars rekstrarfé þess aðila sem tekur að sér rekstur starfseminnar. Auk kostnaðar við rekstur heimilisins er nauðsynlegt að ráðast í lagfæringar á húsnæðinu sem er áætlað að kosti allt að 25 m.kr. Einnig er mikilvægt að gera endurbætur á veginum sem liggur frá þjóðvegi að Víðinesi en ekki hefur verið gerð kostnaðaráætlun vegna hans.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði (fylgiskjal 1).

Tillagan hefur verið jafnréttisskimuð. Ekki er talin þörf á jafnréttismati (fylgiskjal 2).

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Fylgiskjal:

1. Minnisblað um áfangaheimili í Víðinesi dagsett 30. september 2019.
2. Jafnréttisskimun dags. 30. september 2019.

